

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 frá 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

## 37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

## VI. Ýmis ákvæði.

## 38. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóðinn, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu, meðan það stendur þar.

Framanritaðar samþykktir eru þannig samdar og samþykktar af stofnfundi Sparisjóðs Hveragerðis þann 28. október 1961 og staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 7. apríl 1962.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Oddur Guðjónsson.*

Stafesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. apríl 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Fóðurverðlaunasjóður Miðdalahrepps.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 kr. — tíu þúsund krónur —, er gjöf til Miðdalahrepps, Dalasýslu, frá Jóni Sumarliðasyni, fyrrv. bónda og hreppstjóra, frá Breiðabólstað í Miðdölum í tilefni af 70 ára afmæli hans hinn 13. september 1959. Fé þetta er nú geymt í sparisjóðsbók við Búnaðarbanka Íslands.

## 3. gr.

Sjóður þessi skal ávallt geymdur í ríkistryggðri peningastofnun, eða á annan öruggan hátt. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og  $\frac{1}{5}$  vaxta sé árlega lagður við höfuðstólinn. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitungum, er honum kunna að berast.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim bændum í Miðdalahreppi verðlaun, er fóðra og hirða jafn bezt búfé sitt, hross, nautgripi og sauðfé. Ef búnaðarhættir breytast

svo í framtíðinni, að fleiri búgreinar geti komið til, sem ein aðalbúgrein, t. d. alifugla- og svínarækt, þá getur sú framleiðsla einnig náð til þessara verðlauna.

#### 5. gr.

Forðagæzlumaður hreppsins skal að lokinni seinni skoðun, vetur hvern, afhenda skriflega nöfn þeirra tveggja bænda eða einum fleira en verðlaun geta hlotið hverju sinni, er hann álitur að fóðri jafn bezt búfénað sinn.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins verði þannig skipuð: Hreppstjóri og oddviti eru sjálfkjörnir, en þriðja mann kýs almennur fundur búenda til 3 ára í senn. Gegni sami maður hreppstjórn og oddvitastarfi, kýs almennur fundur tvo í stjórnina.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins kynni sér eftir föngum hver eða hverjir þeirra, er forðagæzlumaður tilnefni, hljóti verðlaun það ár.

#### 8. gr.

Sama bónda séu ekki veitt verðlaunin oftar en þrjú ár í röð, að þremur árum liðnum getur hinn sami fengið þau aftur í 3 ár og endurtekur það sig á víxl.

#### 9. gr.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að til úthlutunar geti komið eitt þúsund krónur, má veita tveimur bændum verðlaunin, og þeim þriðja á sama hátt, þegar vextir til úthlutunar ná kr. 1500.00 — fimmtán hundruð —, en aldrei fleiri en þremur ár hvert. Ekki minni upphæð en kr. 500.00 — fimm hundruð —, og aldrei hærri en eitt þúsund til hvers árlega.

#### 10. gr.

Skrá skal í bókina árlega nöfn og heimili þeirra bænda, er verðlaun hljóta ár hvert.

#### 11. gr.

Stjórn sjóðsins kýs sér sjálf formann og skal hann geyma bókina á tryggum stað og annast fjárhald sjóðsins.

#### 12. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd af endurskoðendum sveitar-sjóðsreikninga Miðdalahrepps.